

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1243*  
*komudagur 11.4. 2005*

**Fangar á aldrinum 18-24 ára á sérdeild**

Ef að slík deild verður að veruleika þá er mikilvægt að unnið verði mjög náið með þeim sem á henni verða. Ungir fangar eru þeir sem seinna verða síbrotamenn þess vegna er mikilvægt að byggja ekki upp reiði í afplánuninni. Fangaverðir sem koma að svona deild verða að vera sérvaldir í þetta verkefni. Ef hægt væri að nálgast þennan hóp með lausn á gátunni sem þeir eru að glíma við þá væri eflaust hægt að bjarga flestum þeirra úr hættunni að verða síbrotamenn. Menntun yrði að vera aðal hluti af afplánun hjá föngum á þessum aldri. Það verður að hjálpa föngum að finna eitthvað sem þeir hafa áhuga á og beina þeim svo leiðina að menntun í því fagi. Skylda ætti alla til menntunar, hafa mikil fríðindi og ef menn standa sig ekki ítrekað þá ætti að senda þá á Hraunið.

Menntun er raunverulega eina vopnið sem við höfum í baráttunni gegn glæpum. Þess vegna er mikilvægast að beina þessu unga fólki inná menntavegin. Flestir ungir fangar koma úr erfiðu lífsmynstri. Þeir eru í flestum tilfellum búnir að missa trú á sér og getu sinni gagnvart skólum vegna hegðunarvandamáls. En þegar fangi fattar að hann getur orðið eitthvað miklu meira og betra en hann er þá kviknar ljósið. Ef samfélagið krefst þess að persóna sé frelsissvipt og tekur ábyrgð á því. Þá ætti samfélagið einnig að krefjast þess að sá sem framkvæmir frelsissviptinguna skili persónunni aftur í samfélagið í betra standi en áður. Það að hafa unga fanga á sér deild hefur líka ókosti en til þess að losna undan þeim þarf að vera úrræði eins og að menn yrði sendir austur á Litla-Hraun ef þeir standi sig ekki. Með því móti væri hægt að nýta þennan möguleika til þess að hjálpa þeim sem hægt er að hjálpa.

F.h. trúnaðarráðs

Baldur Freyr Einarsson